

## **Greinargerð vegna ytra mats í Grunnskóla Önundarfjarðar staðan í febrúar 2020.**

Veður og ófærð hefur sett strik í reikninginn í Grunnskóla Önundarfjarðar síðan í desember.

Skólanámskrárvinna er í gangi en ekki lokið eins og til stóð. Skólaráð er orðið virkt og fundur framundan í byrjun mars, ráðið er sameiginlegt fyrir leik og grunnskóla til reynslu.

Sérkennslufulltrúi og fræðslustjóri hafa ekki komist, eins og til stóð, á staðinn til að vera með fræðslu og ráðgjöf en auðvelt er að ná sambandi með tölvupósti og í síma.

Skilyrðum um kennslustundafjölda er fullnægt í öllum árgöngum. Miðstignemendur fylgja ýmist yngsta stigi, eru sér eða með unglingastigi.

Aukinni fjölbreytni í vali var mætt með því að hafa hönnun og smíði tengda áhugasviði þrjár kennslustundir í viku fyrir mið og unglingastig. Þetta mælist mjög vel fyrir hjá nemendum og starfsfólki sem að þessari kennslu kemur.

Fyrirhugað nemendaping er enn á dagskrá en hefur ekki komið til framkvæmdar.

Nemendur fá góða þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, í kennslustundum, nemendaráðsfundum og skólaráðsfundum.

Stjórnandi er orðinn virkari í að fylgjast með námi og kennslu og veita endurgjöf.

Heimasíðna er orðin virkari bæði hvað varðar daglegar upplýsingar og þær skýrslur og námskrár sem þar á að vera hægt að nálgast. Kennsluáætlanir eru flestar komnar þar inn.

Námsmat er unnið í mentor eftir hæfniviðmiðum aðalnámskrár og fer kennsla að mestu leyti fram eftir markmiðum en ekki ákveðnum bókum. Þessi vinna er krefjandi en í stöðugri þróun.

Innra mat er unnið samkvæmt gæðagreinum og er áætlun tilbúin, með hækkandi sól tekst okkur vonandi að klára allt sem til stóð á skólaárinu.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir  
skólastjóri